



Fjarvinnustefna

Menntaskólans á Tröllaskaga

Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga er að vera eftirsóttur fyrirmyndarvinnustaður og vera samkeppnishæfur um framúrskarandi starfsfólk. Starfsfólk getur óskað eftir að gera samning um fjarvinnu, henti það því og starfi þess. Um er að ræða samning um fjarvinnu sem telst vera meira en tilfallandi vinna fyrir utan vinnustaðinn. Markmið með fjarvinnusamningi er að ábyrgð aðila varðandi vinnuumhverfi fjarri stofnun sé skýr.

Ávinningur samnings er gagnkvæmur og getur stutt við starfsánægju, aukið framleiðni, dregið úr tíma sem fer í að ferðast til og frá vinnu og kostnaði við samgöngur ásamt því að minnka kolefnisspor sem fellur undir græn skref Menntaskólans á Tröllaskaga. Með minni ferðatíma nýtist tími starfsmanna betur.

Starfsmaður, í samvinnu við skólameistara, metur fjarvinnuaðstöðu sína sem þarf að vera fullnægjandi út frá gátlista um öryggi og heilbrigði í fjarvinnu.

Samkomulag milli stofnunar og starfsmanna er um að

1. stofnunin útvegar starfsfólki í samþykktri fjarvinnu: Tölvu, farsíma, hækkun fyrir tölvu, mús, aukaskjá, auka lyklaborð. Þessum búnaði skal skila við starfslok.
2. starfsfólk útvegar heima hjá sér með 25.000 króna stuðningi árlega frá skólanum: Borð, stól, lýsingu, internet, rafmagn sem og allt annað sem ekki er nefnt í lið 1.

Forsendur samningsins eru þær að starfsfólk

- geti skapað góðar starfsaðstæður án truflunar á fjarvinnustað
- gæti að einu og öllu að eigin öryggi, heilsu og vellíðan
- tryggi að mörk á milli vinnu og einkalífs séu skýr
- hafi frumkvæði að samskiptum við skólameistara og samstarfsfólk reglulega og alltaf þegar þurfa þykir
- tryggi gagna- og upplýsingaöryggi bæði á starfsstöð og opnum netum
- sjái til þess að enginn utanaðkomandi sjái á skjá tölvunnar þegar unnið er með gögn sem eiga ekki erindi til annarra
- framkvæmi, í samvinnu við skólameistara, áhættumat (fylla út gátlista) og láti vita ef breytingar verða á vinnuaðstæðum

Ábyrgð starfsfólks sem gerir fjarvinnusamning er að

- vera meðvitað um líðan sína og láta skólameistara vita ef á bjátar
- gæta að líkamsbeitingu við vinnu, standa upp reglulega og breyta um stöðu
- sjá til þess að tölvur og önnur tæki stofnunarinnar séu eingöngu notuð af starfsfólki til vinnu og ekki til afnota fyrir aðra
- tryggja að aðrir heyri ekki það sem fram fer á fjarfundum. Er það á ábyrgð starfsfólks að upplýsa fundargesti ef svo er ekki eða ef brestur verður á



- vera almennt í mynd á fjarfundum
- tilkynna fjarveru með hefðbundnum hætti
- huga vel að búnaði sem stofnunin leggur því til og láta vita ef einhverju er ábótavant
- tryggja að gátlisti varðandi áhættumat um öryggi og heilbrigði í fjarvinnu sé útfylltur

Hlutverk Menntaskólans á Tröllaskaga er að

- sjá til að gátlisti varðandi áhættumat um öryggi og heilbrigði í fjarvinnu sé útfylltur, yfirfarinn og skjalaður
- sé einhverju ábótavant samkvæmt gátlista, bregðast við og vinna að úrbótum
- eiga í sambærilega tíðum samskiptum við starfsfólk hvort sem það fjarvinnur eða ekki
- standa fyrir fræðslu um gagna- og upplýsingaöryggi

Samþykkt 20. febrúar 2023

Við gerð stefnunnar var litið til fjarvinnustefnu Vinnueftirlits ríkisins dagsett í október 2021 sótt 2. febrúar 2023 á <https://wp.vinnueftirlitid.is/wp-content/uploads/2021/10/fjarvinnustefna.pdf>